



Fundargerð

368. fundur menntaráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
15. desember 2023, kl. 08:15

Viðstaddir: Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Gígja Sigríður Guðjónsdóttir, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Harpa Björg Sævarsdóttir og Sighvatur Jónsson.

Að auki sátu fundinn Ásgerður Þorgeirsdóttir fulltrúi skólustjóra grunnskóla, Skúli Sigurðsson fulltrúi grunnskólakennara, Brynja Aðalbergisdóttir fulltrúi leikskólustjóra, Anna D. Hermannsdóttir fulltrúi leikskólakennara, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs, Sigurbjörg Róbertsdóttir grunnskólafulltrúi, Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Jóhanna Helgadóttir fulltrúi leikskólakennara boðaði forföll og sat Anna D. Hermannsdóttir fundinn í hennar stað.

Anita Engley Guðbergisdóttir boðaði forföll.

Velferðarráð samþykkti samhljóða að taka á dagskrá málið Leikskólar og dagforeldrar (2023040132). Fjallað er um málið undir dagskrárlíð 7.

* * *

1. Frístundaakstur (2023100180)

Forstöðufólk frístundaheimila Reykjaneshæjar, þau Laufey Ragnarsdóttir, Íris Guðnadóttir, Arna Lind Kristinsdóttir og Arnar Freyr Smáráson mættu á fundinn og kynntu stöðu mála varðandi frístundaakstur.

Menntaráð þakkar forstöðufólki frístundaheimila Reykjaneshæjar fyrir komuna og erindið. Hópurinn hafði áður hitt íprótta- og tómstundaráð þann 14. nóvember síðastliðinn þar sem málinu var frestað og beðið um nánari upplýsingar. Menntaráð tekur undir áhyggjur forstöðumanna er lúta að öryggi barna. Menntaráð mun leitast eftir að funda sameiginlega með íprótta- og tómstundaráði til nánari skoðunar á málinu sem allra fyrst.

2. Starfsáætlanir leikskóla 2023 - 2024 (2023120014)

Starfsáætlanir leikskóla Reykjaneshæjar fyrir starfsárið 2023-2024 lagðar fram til kynningar.

Menntaráð þakkar leikskólum Reykjaneshæjar fyrir metnaðarfullar starfsáætlanir. Gott er að sjá heildaryfirlit yfir það mikilvæga og faglega starf sem unnið er í leikskólum bæjarins. Auk þess er mjög upplýsandi að sjá töluleg gögn hvers leikskóla líkt og fjölda erlendra barna, fjölda barna með stuðningsþarfir og nánari greiningu á menntun starfsfólks.

3. Leikgleði með sögum og söng - skólaþróunarverkefni (2023050558)

Ólöf Kristín Guðmundsdóttir kennsluráðgjafi kynnti skólaþróunarverkefnið Leikgleði með sögum og söng sem er samstarfsverkefni allra leikskóla í Reykjanesbæ og Bókasafns Reykjanesbæjar. Markmið verkefnisins er að styrkja hugtakaskilning, orðaforða, hlustunarskilning og frásagnarhæfni leikskólabarna með málörvandi aðferðum sem byggja á leik, söng og virkni.

Menntaráð þakkar Ólöfu fyrir kynningu á verðugu og spennandi verkefni. Fróðlegt verður að fylgjast með framgangi verkefnisins og fagnar menntaráð því góða samstarfi sem einkennir leikskóla Reykjanesbæjar auk samstarfs við bókasafnið okkar.

4. Leyfi fyrir daggæslu barna í heimahúsi (2023090693)

Lögð fram umsókn um starfsleyfi fyrir dagforeldri frá Sigurbjörgu Ástu Halldórsdóttur. Starfsleyfið er veitt.

5. Uppbygging leikskóla (2023020148)

Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður menntaráðs kynnti stöðuna varðandi uppbyggingu leikskóla í sveitarfélaginu.

6. PISA 2022 (2023120192)

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs fór yfir niðurstöður PISA 2022. Könnunin mælir hæfni 15 ára nemenda í lesskilningi, læsi á náttúruvísindi og læsi á stærðfræði.

Menntaráð þakkar sviðsstjóra góða yfirferð um PISA könnunina frá 2022.

PISA könnunin mælir læsi nemenda við lok skólaskyldu, er framkvæmd í alls 81 landi en OECD stendur fyrir könnuninni. Til að hægt sé að átta sig nánar á stöðunni telur menntaráð mikilvægt að niðurstöður PISA könnunarinnar verði rýndar til gagns af sviðsstjóra menntasviðs og skólastjórnendum Reykjanesbæjar. Telur menntaráð það mikilvægt til að hægt sé að átta sig betur á núverandi útkomu könnunarinnar en aðallega til að hægt sé að rýna hvað betur megí fara og þá með hvaða úrræðum.

7. Leikskólar og dagforeldrar (2023040132)

Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður menntaráðs lagði fram eftirfarandi bókun meirihluta vegna fyrirspurnar fulltrúa D-lista á fundi ráðsins 10. nóvember 2023:

Á síðasta fundi menntaráðs lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi bókun:

„Með opnun tveggja 120 barna leikskóla þarf að huga að starfsfólki og ég velti fyrir mér hvort það sé byrjað að meta hver starfsmannapörfin er á faglærðu og ófaglærðu starfsfólki og hvenær og hvernig verður farið í þær aðgerðir. Hefur það verið metið hver fjölgun leikskólaplássanna í Reykjanesbæ verður á næstu 2 árum í ljósi lokana og viðhalds á núverandi leikskólum og er raunhæft að meðalaldur barna sem fær leikskólapláss í bænum fari lækkandi með opnun leikskólanna næsta haust?“

Þessi umrædda bókun var rædd í bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 21. nóvember síðastliðinn þar sem bætt var við eftirfarandi:

„Samkvæmt tölum Hagstofunnar sést glöggt að aldur barna, sem komast inn á leikskóla, er hærri hjá Reykjanesbæ en á öðrum stöðum á landinu. Sjálfstæðisflokkurinn leggur því

áherslu á að stigið sé fast til jarðar í þessum málum og viðurkennt að við erum eftirbátar **annarra sveitarfélaga í leikskólamálum**“.

Meirihluti bæjarstjórnar svaraði með eftirfarandi bókun:

„Vegna bókunar fulltrúa Sjálfstæðisflokksins vill meirihluti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar áréttta eftirfarandi. Unnið hefur verið hörðum höndum að því að styrkja stöðu leikskólakerfisins í bæjarfélaginu á undanförunum misserum. Haustið 2024 er ráðgert að heildarleikskólapláss í sveitarfélaginu verði 1.191 og áætlaður fjöldi barna 18 mánaða og eldri á leikskólaaldri út frá Íbúasýn eru 1.164 í lok ágúst 2024. Það er því ljóst að meðalaldur barnanna mun fljótt fara lækkandi. Markmið meirihluta bæjarstjórnar er að ná inn 18 mánaða börnum inn á leikskóla á þessu kjörtímabili og miðað við fyrirliggjandi gögn mun það markmið nást haustið 2024. Haustið 2024 munu tveir leikskólar opna, annars vegar leikskólinn í Drekaðal sem og leikskólinn í Hlíðarhverfi. Þessir tveir leikskólar fjölga leikskólaplássum um 150.“

Meirihluti menntaráðs vill svara þessu erindi hér formlega þar sem fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í menntaráði bar bókunina upp hér. Ljóst er að bókuninni var svarað þegar hún var borin upp í bæjarstjórn en auk þess viljum við bæta formlega við svarið hér.

Þegar hefur verið auglýst staða leikskólastjóra við leikskólann í Drekaðal sem mun opna í ágúst 2024. Áætlað er að ráða frá 1. febrúar 2024. Viðkomandi leikskólastjóri mun halda utan um ráðningar starfsfólks í samstarfi við leikskólafulltrúa. Hvað varðar fjölda faglærðra verður lögð áhersla á að manna sem flestar stöður með leikskólakennurum eða öðru uppeldismenntuðu starfsfólki.

Leikskólinn í Hlíðarhverfi mun að mestu leyti verða mannaður af starfsfólki frá Garðaseli. Við flutninginn munu bætast við um það bil 5-6 stöðugildi.

Taka skal fram að Reykjanesbær hefur boðið ófaglærðu starfsfólki í leikskólum sem fer í leikskólakennaranám að gera námssamning. Samningurinn gefur starfsfólki kost á að halda óskertum launum þegar það er frá vinnu vegna náms s.s í námslotum, vettvangsnámi og prófum. Í september 2023 voru 28 starfsmenn í leikskólum bæjarins í leikskólakennaranámi með starfi, þar af 12 nýnemar, og er mjög ánægjulegt hversu mikill áhugi er fyrir náminu meðal starfsfólks. Einnig má nefna að þessi samningur er í boði fyrir þau sem stunda nám í þroskaþjálfun og uppeldis- og menntunarfræðum í HÍ.

Það er þó gott að hafa í huga að ýmsar breytur hafa þarna áhrif, t.d. fólksflutningar til bæjarins og fjölgun barna frá Grindavík, en þaðan eru komin 32 börn sem eru viðbót við þann barnafjölda sem þegar var inni í leikskólunum.

Að lokum ber að nefna að fjárhags- og fjárfestingaráætlun Reykjanesbæjar fyrir árið 2024 var samþykkt í vikunni en þar var samþykkt fjármagn til að breyta Skólavegi 1 í leikskólaútibú frá Tjarnarseli sem rúmar um 25 börn. Gert er ráð fyrir að Skólavegur 1 muni opna á árinu 2024 líkt og leikskólinn við Drekaðal og leikskólinn við Hlíðarhverfi. Auk þess er gert ráð fyrir niðurrifi Garðasels á næsta ári og er stjórn Eignasjóðs þegar komin með erindi sem snýr að hönnun á nýjum leikskóla í Keflavík.

Meirihluti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar er að stíga fast til jarðar við það að fjölga leikskólaplássum í sveitarfélaginu okkar á sama tíma og við erum að fara langt í viðleitni okkar við að fjölga faglærðu starfsfólki og styðja þau til frekara náms. Meirihluti bæjarstjórnar stofnaði stýrihóp í uppbyggingarmálum leik- og grunnskóla þar sem farið er

reglulega yfir stöðu uppbyggingar mannvirkja og næstu skref. Minnihlutanum hefur verið boðin þátttaka í þeim fundum. Meirihlutinn hefur sett sér það markmið að leikskólar Reykjanesbæjar muni taka við allt að 18 mánaða gömlum börnum á kjörtímabilinu sem lýkur árið 2026 eða eftir tvö og hálf ár og teljum við að þeim markmiðum verði náð og munum gera allt í okkar valdi til að svo verði.

Guðný Birna Guðmundsdóttir, Sighvatur Jónsson og Halldór Rósmundur Guðjónsson.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:22.